



Fréttabréf forseta

Janúar 2016

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Ég vil byrja á því fyrir hönd landsambandsstjórnar að óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs nýs árs og þakka ykkur samstarfið á árinu sem var að líða.

Ég vona að þið hafið átt góða daga um jól og áramót og komið til leiks úthvildar og fullar af orku sem aldrei fyrr og tilbúna að „**verka virkar og styrkja starfið**“ 😊

Skýrslur

Fyrst af öllu vil ég minna á skýrslugerðina sem á að vera lokið fyrir **1. febrúar**. Skýrslurnar eru núna í einu skjali á vefnum og er slóðin að því: <http://goo.gl/forms/az97HMUbtL>. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi skýrsluna, þá hikið ekki við að hafa samband við mig. Þegar þið hafið fyllt út skýrsluna mun ég taka saman svörin í eina skýrslu sem fer svo frá mér til alþjóðasambandsins. Henni þarf ég að skila 1. mars.

International scholarship

Þær konur sem stunda meistara- eða doktorsnám geta sótt um styrk í International Scholarship.

Umsóknarfrestur er til **1. febrúar**. Styrkurinn er umtalsverður og eins og segir einhvers staðar: „miði er möguleiki“ og er því um að gera fyrir þær sem eru í námi að sækja um.

Evrópufulltrúinn í nefndinni er Sigríður Ragna Sigurðardóttir og veitir hún allar frekari upplýsingar. Netfangið hennar er: siggaragna@gmail.com.

Lucile Cornetet sjóðurinn

Þær sem hyggjast sækja um í einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðsins þurfa að huga að því núna. Umsóknarfrestur er til **1. febrúar** (aftur 1. maí og 1. sept.).

Þessi hluti sjóðsins styrkir konur til að sækja ráðstefnur og aðra viðburði er tengjast menntun (Conferences, Seminars, Lecture series, National certification, Online courses, Workshops and other non-degree programs), þó ekki hefðbundin háskólanámskeið í einingabæru námi. Ekki er hægt að sækja um styrkinn eftir að viðburðurinn hefur átt sér stað. Nánari upplýsingar eru á vefnum okkar.



Uppstillingarnefndir

Nú er um að gera að huga að því að kjósa konur í uppstillingarnefnd deilda hafi það ekki verið gert nú þegar, því í **febrúar** á að skila inn tillögum að næstu deildarstjórnnum.

Dagatalið

Ég minni á yfirlits-dagatalið sem ég setti á vefinn okkar. Þar bæti ég inn viðburðum og minnispunktum jafnóðum og þeir verða til. Enn vantar mig starfsáætlunina frá nokkrum deildum til að geta sett fundardaga þeirra þarna inn. Ég minni ykkur líka á að skoða það efni sem er undir Starfsemi deilda á vefnum. Þar má finna ýmsar upplýsingar sem gagnast í starfinu.

Vorþingið

Vorþingið okkar verður 30. apríl á höfuðborgarsvæðinu. Menntamálanefnd ásamt félögum úr Gamma- og Lambdadeild sjá um undirbúninginn og er sú vinna í

fullum gangi. Drög að dagskrá, sem verður að vanda metnaðarfull og spennandi, verða birt eins fljótt og hægt er. Endilega ítrekið mikilvægi þess að mæta á þingin okkar við ykkar deildarkonur og reynið að skapa stemmingu fyrir því að fjölmenna á þingið.

Þing alþjóðasambandsins

Þing alþjóðasambandsins verður svo haldið í kúrekaborginni Nashville, Tennessee, 5.–9. júlí næstkomandi. Gaman væri ef konur sem ekki hafa farið áður á slíkt þing slægjust í hópinn núna.



P.s Sem fyrr minni ég á að uppfæra félagatalið reglulega, bæði á ykkar eigin deildarvef en einnig að koma upplýsingum um nýja félaga og breytingar til Sigríðar Guttormsd. formanns félaganefndar. (siggutto@gmail.com)

Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG